



Menntaskólinn í Reykjavík

Fréttir úr skólastarfi

2.tbl. 2.árgangur
Ábm. Elísabet Siemsen

17. desember 2018

FRÁ FÉLAGSLÍFSFULLTRÚA

Í KVÖLD, mánudaginn 17. desember, verður jólaball Skólafélagsins haldið í Austurbæ við Snorrabraut. Húsið verður opnað kl. 22:00 og lýkur ballinu kl. 01:00.

Mikilvægt er að nemendur mæti á tilsettum tíma svo enginn þurfi að bíða lengi í röðinni úti í kuldanum.

Nemendur í 4. bekk mæta kl. 22:00 og nemendur í 5. bekk kl. 22:20. Allir þurfa að sýna skilríki og miða við innganginn.

Með góðri kveðju og ósk um gleðileg jól.

María Björk Kristjánsdóttir, félagslífsfulltrúi

HOLLVINIR

Hollvinafélag Menntaskólans í Reykjavík hélt upp á 5 ára afmælið 1. desember s.l. Við athöfn á Hátíðasal skólans afhenti Hollvinafélagið 3,5 milljóna króna gjöf til skólans til kaupa á fartölvum fyrir fastráðna kennara skólans. Skólinn þakkar af heilum hug þessa höfðinglegu gjöf og þann hug sem fyrirverandi nemendur skólans sýna skólanum.

SKÓLAFUNDIR

Dagana 13. – 15. nóvember voru haldnir fundir með nemendum skólans á Hátíðasal. 3 – 4 bekkir funduðu hverju sinni með rektor og öðrum stjórnendum. Margar góðar hugmyndir og tillögur komu fram og var gaman og gefandi fyrir stjórnendum að skynja jákvæðnina og kraftinn sem einkennir unga fólkið okkar.



Halldór Kristjánsson, formaður Hollvinafélagsins, Elísabet Siemsen, rektor skólans og Ólafur Þorsteinsson, gjaldkeri Hollvinafélagsins við afhendingu styrksins.

**Kennsla hefst samkvæmt stundaskrá föstudaginn 4. janúar.
Njótið hátíðarinnar og samveru fjölskyldunnar!**